

## Reglur um staðsetningu garðstofa

Eftirfarandi reglur, um staðsetningu garðstofa með tilliti til fjarlægðar að næsta húsi, eru teknar saman með hliðsjón af grein 75.1 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Með garðstofu er hér átt við byggingu með vegg og þak úr gleri eða plasti, sambyggða einbýlishúsi eða sérbýlishúsi sbr. gr. 103. Burðargrind garðstofu getur verið úr timbri eða stáli. Garðstofa getur haft einn eða fleiri veggi sameiginlega með húsinu sem hún er byggð við.

Séu útveggir og þak garðstofu alfarið úr gleri er lágmarksfjarlægð hennar frá lóðarmörkum 3,0 m. Fjarlægðin er óháð því hvort byggt er upp við stein- eða timburhús. Um fjarlægð hússins sjálfs frá lóðarmörkum gilda almennar fjarlægðarreglur, gr. 75. Ef veggir eru að hluta til hefðbundnir útveggir eða ef þak er gert á hefðbundinn hátt, gilda almennar fjarlægðarreglur.

Sé garðstofan byggð að einhverju leyti úr plasti er lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum 5,0 m. Plastið skal vera viðurkennt af Brunamálastofnun ríkisins.

Ákveða má í skipulagi að fjarlægð húss (garðstofu) frá lóðarmörkum megi vera minni en tilskilið er hér að ofan en bil milli garðstofu og annars húss má þó aldrei vera minna en hér segir:

Hús nágretta	Garðstofa úr	
	gleri	plasti
Útveggir eru a.m.k. REI60 og klæðning í flokki 1.	6 m	8 m
Útveggir eru a.m.k. REI30 og klæðning í flokki 1.	7 m	9 m
Útveggir eru a.m.k. REI30 og klæðning í flokki 2	8 m	10 m